

Sjóvá – Árshlutauppgjör

Hagnaður 749 m.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 396 m.kr.
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 422 m.kr.
- Ávöxtun fjárfestingasafns félagsins 2,0%
- Samsett hlutfall 97,2% samanborið við 103,6% á 1F 2017
- Horfur fyrir árið 2018 eru að samsett hlutfall verði 96% (2F: 101%, 3F: 93%, 4F: 95%) og að hagnaður fyrir skatta verði um 2.800 m.kr.
- Tilkynnt verða frávik umfram 5 prósentustig í samsettu hlutfalli innan fjórðunga.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Þegar litið er til samsetts hlutfalls er þetta besti fyrsti ársfjórðungur okkar frá árinu 2014. Sú niðurstaða staðfestir það sem greint hefur verið frá undanfarin uppgjör, að markviss bæting hefur verið í afkomu af váttryggingastarfsemi. Þess er vænst að sú þróun haldi áfram og að eigin iðgjöld vaxi umfram eigin tjón líkt og undanfarin misseri.

Hvað varðar afkomu af fjárfestingarstarfsemi þá var hún einnig góð þó ekki standist hún samanburð við sama fjórðung 2017 þegar ávöxtun var sérstaklega góð.

Undanfarið hafa verið stigin mikilvæg skref í átt að aukinni sjálfvirkni í þjónustu og afgreiðslu í takt við breyttar þarfir viðskiptavina okkar. Þessi vinna hefur verið skilgreind sem eitt af lykilverkefnum innan félagsins og hafa erlendir ráðgjafar verið ráðnir félaginu til aðstoðar með það að markmiði að varða leiðina í átt að enn betri þjónustu við viðskiptavini okkar.

Í byrjun apríl varð stórbruni á atvinnuhúsnæði í Garðabæ. Þó fasteignin hafi ekki verið tryggð hjá Sjóvá varð verulegt tjón á lausafé og var hluti þess tryggt hjá félaginu. Um umtalsvert tjón er að ræða en rúmast engu að síður innan áætlana fyrir árið og mun ekki eitt og sér kalla á að horfum fyrir árið verði breytt.

Kynningarfundur 14. maí kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2018, mánudaginn 14. maí kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Fjárhagsdagatal

- 2. ársfjórðungur: 23. ágúst 2018
- 3. ársfjórðungur: 1. nóvember 2018
- Ársuppgjör 2018: 14. febrúar 2019

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

SJÓVÁ

	1F 2018	1F 2017	%
Vátryggingastarfsemi			
Iðgjöld tímabilsins	4.251	3.849	10,4%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(212)	(180)	18,2%
Eigin iðgjöld	4.039	3.669	10,1%
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	278	276	0,8%
Aðrar tekjur	8	16	-48,3%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	4.325	3.961	9,2%
Tjón tímabilsins	(3.044)	(2.951)	3,1%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	46	50	-7,0%
Eigin tjón	(2.998)	(2.902)	3,3%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	(931)	(924)	0,7%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	(3.929)	(3.825)	2,7%
Hagnaður/tap af vátryggingarekstri	396	136	192,3%
Fjárfestingarstarfsemi			
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	515	1.089	-52,7%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	(93)	(65)	44,5%
Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi	422	1.024	-58,8%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	818	1.159	-29,5%
Tekjuskattur	(69)	(59)	16,9%
Heildarhagnaður tímabilsins	749	1.100	-31,9%
	1F 2018	1F 2017	
Tjónahlutfall	71,6%	76,7%	
Endurtryggingahlutfall	3,7%	3,0%	
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	75,3%	79,6%	
Kostnaðarhlutfall	21,9%	24,0%	
Samsett hlutfall	97,2%	103,6%	
Ávöxtun eigin fjár	20,2%	26,7%	
Hagnaður á hlut	0,53	0,75	
Eigið fé	14.459	15.472	
Gjaldþolshlutfall	1,51	1,56	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir fyrsta ársfjórðung 2018 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 14. maí 2018. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.